

- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró íbúa kaupsinsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um kaupsúnið fara til óþæginda.
- f) Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur, og leggja fram heilbrigðisvottorð vegna hundsins á skrifstofu hreppsins fyrir 1. júlí ár hvert.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot afturkallast viðkomandi undanþágu til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. ágúst 1976.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu
lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

6. gr. 1. töluliðar a), Meprobamatum orðist svo:

Meprobamatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 0.1 g af mepróbamati eða minna í hverjum skammti.

2. gr.

8. gr. stafliður 1. hljóði svo:

Súblímattöflur og merkúríoxýcéyaníðtöflur, svo og nikotín, súblímat- og arsenlausnir, sterkari en 1% ætlaðar dýrum, skal ávallt auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu lettri á dökkan grunn orðið: **Eitur**. Klóramíntöflur og ætiefni (caustica) skal auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu lettri á dökkan grunn: **Varúð — Hættulegt**.

3. gr.

8. gr. stafliður m. töluliður 9 hljóði svo:

Klófenótan og hexícið, sbr. viðauka 1, skal árita: Má ekki nota gegn óþrifum á svínum, alifuglum eða mjólkandi dýrum. Klófenótan, sem nota skal gegn óþrifum á mönnum eða dýrum, skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess svohljóðandi leiðbeiningum um notkun:

Notkunarreglur fyrir klófenótanstráduft:

Duftinu er stráð og núið á þá staði, þar sem óþrifa verður vart. Strá skal duftinu á nærklæðnað heggja vegna og innan á ytri klæði. Duftið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum. Ekki skal fara í það á milli.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir klófenótanspritt:

Kembið hárið með greiðu eða kambi, sem vættur er í sprittinu. Núið síðan sprittinu vel í hárið og hársvörðinn. Sprittið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir hexicíðlausn (hársápu):

Gegnvaetið hárið með volgu vatni. Hellið 2 matskeiðum af hársápu í hárið og látið freyða. Nuddið allan hársvörðinn vel í a. m. k. 4 mínútur. Skolið vandlega og þurrkið með þurru handklæði. Kembið hárið vandlega til þess að fjarlægja nit. Endurtakið meðferðina eftir fimm til sex daga.

Varúð: Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni. Notið lyfið ekki oftár en tvisvar við hverja smitun og aðeins tvisvar í sömu viku. Notið ekki lyfið til venjulegra hárfvotta, né heldur, ef sár eru á hársverði.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir hexicíðáburð eða hexicíðkrem (húðáburð eða húðkrem):

Þvoið yður og þurrkið vandlega. Berið þunnt lag af áburði á allan líkamann, nema í andlit og hársvörð. Gætið þess vandlega að þekja alla húðina. Látið áburðinn vera á í sólarhring, en þvoið yður þá vel. Endurtakið vikulega, ef nauðsyn krefur, þó ekki oftár en 2—3 sinnum.

Varúð: Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Ef klófenótan eða hexicíð er selt til að eyða skordýrum í hibýlum, útihúsum, gördum o. s. frv., skal það auðkennt gulum merkimiða og orðinu **Skordýraeitur**. Á eftir orðinu skordýraeitur skal í sviga greina samsetningu og styrkleika efnisins í hundraðshlutum. Aðvörunarmiðar skulu þá vera eins og í 10. tölulið hér á eftir.

4. gr.

Við upptalningu 10. gr. bætast eftirtalin lyf:

Acetylcysteinum NFN
 Acidum joglycamicum NFN
 Acidum tranexamicum
 Brompheniraminum NFN
 Bupivacainum NFN
 Calcii metrizoas NFN
 Cambendazolum INN
 Chlorpyraminum NFN
 Colestyraminum NFN
 Diphenylpyralinum NFN

Jodamidum NFN
Magnesii metrizoas NFN
Mepivacainum
Metrizamidum NFN
Natrii jopanoas NFN
Oxibuprocainum NFN
Paracetamololum NFN
Pramocainum NFN
Protamini sulfas
Salicylamidum
Streptodornasum NFN
Streptokinasum NFN
Tinidazololum NFN
Tylosinum NFN

5. gr.

Úr upptalningu 10. gr. fellur niður:

Bupivacainum NFN
Mepivacainum

6. gr.

Merkingin NFN fellur niður við eftirtalin lyf í 10. gr.:

Cyproheptadinum
Dexchlorpheniraminum
Metronidazololum
Pentagastrinum
Proxiphyllinum

7. gr.

Við upptalningu 11. gr. bætast eftirtalin lyf:

Acidum valproicum NFN
Alfaxalonum NFN
Amantadinum NFN
Amoxicillinum INN
Beclometasonum NFN
Benserazidum INN
Bumetanidum NFN
Calcitoninum NFN
Cefapirinum INN
Cefradinum INN
Clindamycinum NFN
Clomifenum
Clonazepamum NFN
Clozapinum NFN
Cytarabinum NFN
Dactinomycinum NFN
Dantrolenum NFN
Dapsonum NFN
Daunorubicinum INN
Deferoxaminum NFN
Demoxytocinum NFN
Diazoxidum NFN
Dimethyli sulfoxidum NFN
Dipropimazine DCF

Doxorubicinum NFN
Enallynmalum NFN
Estomycinum NFN
Etoglucidum NFN
Fenpipramidum NFN
Fenpipranum NFN
Flavoxatum NFN
Flucloroloni acetamidum NFN
Flucytosinum NFN
Glucagonum NFN
Halcinonidum INN
Leucovorinum NFN
Levonorgestrelum
Melphalanum NFN
Methotrexatum NFN
Metylperonum NFN (Melperonum)
Naficillinum NFN
Naproxenum NFN
Natrii fucidas NFN
Oxandrolonum NFN
Oxazepamum
Oximetholonum NFN
Oxipertinum NFN
Penicillaminum NFN
Pipotiazinum NFN
Pizotifenum NFN
Rimiterolum INN
Ritodrinum NFN
Spectinomycinum NFN
Sulfachlorpyridazinum NFN
Sulfaclozinum
Sulfapyrazolum NFN
Thiotepum NFN
Thyrotropinum NFN
Tioguaninum NFN
Trosulfanum INN
Tretinoinum NFN
Trimethaphanum NFN
Vinblastinum NFN
Vincristinum NFN

8. gr.

Úr upptalningu 11. gr. fellur niður:
Oxazepamum
Sulfaclozinnatrium

9. gr.

Merkingin NFN fellur niður við eftirtalin lyf í 11. gr.:
Cloxacillinum
Dextropropoxiphenum
Dihydroergotaminum
Doxepinum
Haloperidolum

Hydroflumethiazidum
 Metacyclinum
 Meticillinum
 Nortriptylinum
 Pivampicillinum
 Polythiazidum
 Propranololum
 Sulfadimethoxinum
 Sulfamethoxazolum
 Tetramisololum
 Thiomebumalum
 Thioridazinum
 Triamcinolonum
 Trimethoprimum

10. gr.

Í viðauka 1, undir Clofenotanum, hljóði athugasemd þannig: Áletrun: Sjá 8. gr., 9. tölulið m-stafliðs.

11. gr.

Í viðauka 1, undir Hexicidum, hljóði athugasemd þannig: Áletrun: Sjá 8. gr., 9. tölulið m-stafliðs.

12. gr.

Í viðauka 1 bætist við undanþága varðandi lausasölu paracetamóls, svohljóðandi:

Lyf eða samsetningar Samsetningar er selja
 paracetamolum má í lausasölu
 töflur

Athugasemdir Dæmi

Einstakur skammtur mest 0.5 g.
 Mest 20 töflur handa einstaklingi.
 Laus seðill frá framleiðanda skal fylgja hverri pakkningu með eftirfarandi áletrun:
 Mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverkjum og sótthita af völdum influensu eða kvefs.
 Mesti skammtur á sólarhring handa börnum 7—12 ára eru 4 töflur og á aldrinum 3—7 ára 2 töflur.
 Lyfið er ekki ætlað yngri börnum en þriggja ára. Varhugavert er að nota lyfið ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Sjá einnig 8. gr. 20. tölulið.

13. gr.

Í viðauka 1, aftast falli niður eftirfarandi málsgrein:
 Eftirtalin lyf má láta úti án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga.

1. Phenthiazinum
2. Piperazinum
3. Sera

4. Tetramisolum
5. Tiabendazolum
6. Vaccina

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1976.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1976, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr.	46 000
II. flokkur	—	38 000
III. flokkur	—	30 000
IV. flokkur	—	22 000
V. flokkur	—	14 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Akureyrar Apótek,
Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.
- IV. flokkur: Akraness Apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,